



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Forsætisráðuneyti
Lækjartorgi Stjórnarr
101 Reykjavík

Reykjavík 16. febrúar 2020

2002023SA AGB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni ásamt aðgerðaáætlun 2021-2025, mál 25/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 5. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að ofangreindri þingsályktunartillögu ásamt aðgerðaáætlun.

Almennt

Í drögnum er sett fram sú framtíðarsýn að kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni eigi sér hvergi stað í íslensku samfélagi. Öflug forvarnastefna sé lykilþáttur í þeirri vegferð. Markmið þingsályktunarinnar sé að fyrirbyggja að börn og ungmenni verði fyrir kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, auk þess að byggja upp menningu virðingar og jafningjasamskipta þar sem ofbeldi og áreitni fær ekki þrifist. Aðgerðir ályktunarinnar eigi að ná til allra barna og ungmenna í landinu og því fari best á að þeim sé einkum beint í gegnum leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Forvarnir skuli byggjast á markvissri kennslu á öllum skólastigum, í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimilli og félagsmiðstöðvar. Jafnframt skuli beina fræðslu að starfsfólki allra skólastiga. Forvarnir og fræðsla skuli einnig eiga sér stað í íþrótt- og æskulýðsstarfi og öðrum tómstundum. Til framtíðar þurfi síðan menntun fagstéttu að tryggja undirbúning starfsfólks sem starfar með börnum og ungmennum.

Samband íslenskra sveitarfélaga fagnar því að forsætisráðherra hafi haft frumkvæði að því að setja af stað vinnu við heildstæða tillöguggerð til að berjast gegn því samfélagsmeini sem kynferðisleg og kynbundið ofbeldi og áreitni er og er sambandið sammála þeirri forgangsröðun að setja stöðu barna og ungmenna í forgang. Komi aðgerðaráætlun fyrir árin 2021-2025 til framkvæmda, er ljóst að það mun hafa umtalsverð áhrif á skólastarf sveitarfélaga.

Sambandið leggur áherslu á að kostnaðaráhrif aðgerða verði rýnd með raunhæfum hætti áður en tillaga til þingsályktunar verður lögð fram á Alþingi og að fjármögnun verði tryggð til samræmis við það mat. Þar sem sambandinu er ætlað stórt hlutverk við framkvæmd aðgerða er þess vænst að gott samráð verði um framkvæmd kostnaðarmats og frekari útfærslu þingsályktunartillögunnar.

Aðgerðir sem einkum snúa að sveitarfélögnum

Tvær fyrstu aðgerðirnar sem lagðar eru til (A.1 og A.2) varða sveitarfélögin beint. Um er að ræða tillögur um forvarnafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutverk skólaskrifstofa sveitarfélaga.

Forvarnafulltrúi sambandsins

Undir A.1 er lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga ráði til sín forvarnafulltrúa sem hafi það hlutverk að fylgja eftir aðgerðaáætluninni og styðja skólaskrifstofur við að miðla fræðslu og forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, bæði í leikskólum og grunnskólum, ásamt frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Hann eigi einnig að miðla þekkingu og fræðslu til grunnskóla og leikskóla sem ekki heyra undir skólaskrifstofur, þ. á m. sjálfstæðra skóla, svo og til framhaldsskóla. Í greinargerð kemur fram að í ljósi tengingar sambandsins við sveitarfélög í landinu sé talið að þetta sé besta leiðin til að tryggja milliliðalaus samskipti.

Hlutverk forvarnafulltrúa verður þó ekki einskorðað við leik- og grunnskóla heldur fer hann einnig með hlutverk gagnvart framhaldsskólam. Færð eru þau rök fyrir þeirri tilhögun að þótt framhaldsskólar heyri ekki undir sveitarfélögin sé markmið að tryggja sem besta nýtingu fjármuna, uppbyggingu sérþekkingar og skilvirka framfylgd áætlunarinnar. Gera megi ráð fyrir að hlutverkið gagnvart framhaldsskólanum nemi um 20% af starfi fulltrúans. Þessi staða sé ekki hugsuð sem varanleg staða, heldur sem kröftugur stuðningur meðan verið er að tryggja samþættingu forvarna við almennt skólastarf. Gert er ráð fyrir að forvarnafulltrúinn hafi tekið til starfa árið 2021. Kostnaðuráætlun er 16 millj.kr. á ársgrundvelli, þar af 12-14 milljónir kr. vegna launakostnaðar og annað vegna ferðakostnaðar.

Sambandið telur út af fyrir sig jákvætt að ríkið sé tilbúið að stofna til þessa starfs og fjármagna það. Hvað varðar vistun starfsins er rétt að benda á að skipan starfa hjá sambandinu helgast af stefnumörkun þess á hverjum tíma og þeirri forgangsröðun sem sveitarfélögin vilja sjá í sameiginlegum málum. Í stefnumörkun sambandsins 2018-2022 eru það einkum liður 3.5.9 sem að þessu snýr en þar segir:

Sambandið leggi sitt af mörkum og hvetji sveitarfélögin til að sporna gegn kynbundu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og valdníðslu og styðji við að fullnægjandi úrræði séu fyrir hendi í sveitarfélögum.

Jafnframt er vikið að því í lið 3.3.3. að sambandið styðji við að sveitarfélög geti tekið upp nýtt verklag í heimilisofbeldismálum í samræmi við tilmæli Ríkislöggreglustjóra. Sveitarfélögum verði tryggðar bjargir til innleiðingar fyrrgreinds verklags.

Starf forvarnafulltrúa fellur ágætlega að þessum liðum í stefnumörkuninni en á það skal þó bent að umfang verkefna skv. drögum að þingsályktunartillöggunni er sennilega það mikið að óraunhæft er að gera ráð fyrir að einn starfsmaður geti komist yfir þau. Er þá m.a. vísað til þess að skólaskrifstofur sveitarfélaga eru tæplega 30 talsins og ljóst að verulegur tími fer í að rækja samskipti við þær. Einnig er líklegt að umfang verkefna í framhaldsskólam sé stórlægum vanmetið.

Til viðbótar við þau verkefni forvarnafulltrúa sem tíunduð eru í aðgerð A.1 er í aðgerð F.2 gert ráð fyrir að hann beri ábyrgð á að taka árlega saman og kynna

stöðu á öllum mælikvörðum í ályktuninni, svo og skila árlegri greinargerð um sín störf. Í F.3 er enn fremur gert ráð fyrir að hann eigi að skila heildstæðri samantekt til forsætisráðuneytisins í tengslum við móturn nýrrar aðgerðaráætlunar fyrir árin 2026-2030 og vinna að undirbúningi þeirra áætlunar.

Sambandið telur rétt að skoða þetta starf sem sérstakt tímabundið verkefnistjórárstarf sem staðsett yrði utan höfuðborgarsvæðisins í samræmi við lið B.7. í gildandi byggðaáætlun, um störf án staðsetningar, og tölulið 11. í nýsamþykkti þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðáætlun fyrir árin 2019–2023, sem fjallar um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. Rétt væri að skoða að auglýsa þetta starf þannig að staðsetning þess yrði ákveðin í samvinnu við landhlutasamtök sveitarfélaga og/eða skólaskrifstofur utan höfuðborgarsvæðisins. Verði niðurstaðan sú að forvarnafulltrúi verði staðsettur utan höfuðborgarsvæðisins þarf einnig að gera ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna skrifstofuaðstöðu.

Hlutverk skólaskrifstofa

Undir lið A2 er lagt til að skólaskrifstofur sveitarfélaga miðli þekkingu og veiti leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum stuðning til að tryggja að forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni séu samþættar skólastarfi, einkum í kennslu og að starfsfólk hljóti fræðslu. Skólaskrifstofurnar eigi að tryggja að forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni séu markviss þáttur í skólastefnu sveitarfélaga og í forvarnastefnu hvers skóla fyrir sig. Þær eiga að halda utan um tölfræðiupplýsingar um fræðslu í sínu umdæmi og miðla upplýsingum um árangur til forvarnafulltrúans sem á að styðja þær í forvarnastarfi þeirra.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til skólaskrifstofa vegna þeirra auknu verkefna sem þetta mun hafa í för í með sér fyrir þær þar sem tekið er fram að kostnaðaráætlun sé innan ramma. Sambandið fer þess á leit að þetta verði endurskoðað sem og liðir B.1 og C.2 sem snúa að fræðslu starfsfólks leik- og grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Ljóst er að hér er um að ræða liði sem ekki er hægt að ætlast til að séu unnir „innan ramma“ hjá skólaskrifstofum, skólum og öðrum stofnunum sveitarfélaga, jafnvel þótt þessir aðilar njóti stuðnings forvarnafulltrúa í fræðslustarfinu.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

